



Starfstengd hlunnindi og styrkir 2017

kpmg.is



01 Starfstengd hlunnindi og styrkir

1.1	Virðisaukaskattur af hlunnindum.....	9
1.1.1	Hvað má ekki telja til innskatts.....	10
1.2	Staðgreiðsla	10
1.2.1	Undantekningar skv. 2. gr. reglugerðar nr. 591/1987.....	10
1.3	Skattaleg meðferð einstakra tegunda hlunninda.	12
1.3.1	Bifreiðahlunnindi	12
1.3.2	Önnur vélknúin ökutæki	15
1.3.3	Hlunnindi af notkun einkaflugvéla	16
1.3.4	Ökutækjastyrkur.....	16
1.3.5	Virðisaukaskattur af öflun, rekstri og leigu bifreiða	17
1.3.6	Bifreiðar sem notaðar eru í virðisaukaskattskyldum rekstri (VSK-bifreiðar)	18
1.3.7	Íþróttastyrkur.....	19
1.3.8	Lán	19
1.3.9	Fatnaður	19
1.3.10	Ferðir milli heimilis og vinnustaðar.....	20
1.3.11	Líf- og sjúkdómatryggingar.....	20
1.3.12	Fæði	21
1.3.13	Virðisaukaskattur af kaffistofu eða mötuneyti.....	21
1.3.14	Virðisaukaskattur af risnu og gjöfum	22
1.3.15	Íbúðarhúsnæði	22
1.3.16	Orlofshúsnæði.....	23
1.3.17	Virðisaukaskattur af öflun eða rekstri íbúðarhúsnæðis, orlofsheimila, barnaheimila o.þ.h.	23
1.4	Námskeið og námstyrkir	24
1.4.1	Skattframkvæmd.....	25
1.4.2	Frádráttur vinnuveitanda	25
1.4.3	Frádráttur launþega vegna námsstyrks	27
1.4.4	Tryggingargjald.....	28
1.4.5	Lífeyrissjóður.....	29
1.4.6	Virðisaukaskattur af hlunnindum til eiganda eða starfsmanna	29

02 Styrkir frá öðrum en vinnuveitanda

2.1	Staðgreiðsla	30
2.2	Frádráttur	30
2.3	Skattaleg meðferð einstakra tegunda styrkja.....	32
2.3.1	Menntun	32
2.3.2	Styrkir til vísindastarfa.....	32
2.3.3	Heilsutengdir styrkir.....	32
2.3.4	Sérstaklega undanþegnir styrkir.....	33
2.3.5	Beinar fjárgreiðslur	33

Launagur

Öll gæði, hlunnindi og greiðslur sem mönnum hlotnast til neyslu eða eignaaukningar, sem metin verða til peningaverðs eru skattskyld, óháð starfssambandi þeirra sem í hlut eiga.

Meginregla er að öll starfstengd hlunnindi og styrkir eru skattskyld sem laun nema þau séu sérstaklega undanþegin.

Sá sem greiðir skattskyldan styrk eða veitir skattskyld hlunnindi skal halda skatti eftir í staðgreiðslu, nema sérstakri undanþágu sé fyrir að fara. Skattskylda og staðgreiðsluskylda nær m.a. til styrkja sem vinnuveitandi og eftir atvikum stéttarfélag lætur stafsmanni í té til einkaþarfa hans (t.d. styrk til gleraugnakaupa eða sjúkraþjálfunar). Útfararstyrkir frá stéttarfélögum eru sérstaklega undanþegnir staðgreiðslu.

Styrkir sem launagreiðandi veitir starfsmanni til persónulegra þarfa eru því aðeins frádráttarbærir í rekstri launagreiðanda að þeir teljist starfsmanninum til launa. Helgast það af því að frádráttarréttur er bundinn því að kostnaður tengist beint tekjuöflun fyrirtækisins, þ.e. ætlaður til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við.

Hlunnindi

Hlunnindi greidd starfsmanni teljast laun. Gefa þarf út launamiða vegna greiddra hlunninda til að heimilt sé að gjaldfæra þau sem rekstrarkostnað. Öll hlunnindi eru skattskyld sem laun nema þau séu sérstaklega undanþegin í lögum, í reglugerð um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu eða samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra.

Styrkur

Styrkur getur verið greiddur hvort sem er af vinnuveitanda, stéttarfélagi eða öðrum styrktaraðila. Eðli styrkja og fjárhæð þeirra getur skipt máli um mögulega gjaldfærslu hjá styrkveitanda og heimild móttakanda til að draga kostnað frá styrkjum. Styrkir eru staðgreiðsluskyldir nema þeir séu sérstaklega undanskildir.

Starfsmenn

Starfsmenn geta ekki dregið kostnað frá greiddum hlunnindum, enda um að ræða laun.

Starfsmaður getur í ákveðnum tilvikum gjaldfært kostnað á móti styrk sem hann hefur fengið frá vinnuveitanda. Það á þó ekki við um styrki sem nýtast starfsmanni til persónulegra nota (t.d. styrkur til gleraugnakaupa).

Skattaleg meðferð starfstengdra hlunninda og styrkja

Í skattalegu tilliti eru styrkir og hlunnindi í öllum tilvikum flokkuð sem launagreiðslur.

Ef launþegi fær styrk (hvort sem er frá vinnuveitanda eða öðrum, t.d. stéttarfélagi) er í sumum tilvikum mögulegt að lækka skattstofn viðkomandi með því að draga útgjöld sem tengjast öflun teknanna með beinum hætti frá styrkfjárhæð. Slíkt er hins vegar ekki heimilt þegar um er að ræða endurgjald fyrir hvers konar vinnu (þ.m.t. hlunnindi).

Frádráttarbærni styrkja og hlunninda í rekstri launagreiðanda ræðst fyrst og fremst af því hvort tengja má greiðslu þeirra með beinum hætti við tekjuöflun rekstrarins. Hlunnindi flokkast ávallt undir frádráttarbær launatengd gjöld, á meðan styrkir geta verið ófrádráttarbær gjöld.

Hugtakið hlunnindi í skattalegu tilliti nær til hvers konar gæða sem skattaðila hlotnast í öðru formi en peningalegum eignum, en unnt er að meta til peningaverðs. Til hlunninda telst t.d. fæði, fatnaður og önnur verðmæti afhent til eignar, en einnig afnotaréttur af fasteign, lausafé og öðrum verðmætum. Til hlunninda getur einnig talist afsláttur sem starfsmaður fær við kaup á vörum og/eða þjónustu af vinnuveitanda ef afsláttur starfsmanns er hærri en almennir viðskiptavinir njóta.

Hugtakið styrkur í skattalegu tilliti nær almennt til greiðslna í peningum eða öðrum peningalegum eignum sem ekkert beint endurgjald kemur fyrir frá móttakanda, svo sem vinnuframlag hans eða afhending hans á verðmætum. Notkun hugtaksins er þó ekki einhlít, því greiðsla vinnuveitanda til starfsmanns vegna afnota starfsmannsins af eigin ökutæki í þágu vinnuveitandans er nefnd ökutækjastyrkur.

Hlunnindi og styrkir eru almennt skattskyld hjá móttakanda óháð því hvaðan hlunnindi eða styrkur stafar, sbr. þá viðtæku skilgreiningu skattskyldra tekna sem fram kemur í upphafsákvæði 7. gr. TSL¹.

1. Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Eftirtalið er undanþegið skatti:

1. Barnalífeyrir skv. lögum um almannatryggingar (ATR).
2. Meðlög og framfærslulífeyrir frá maka eða fyrrverandi maka, sem er innan fjárhæðar grunnlífeyris ATR.
3. Styrkir frá sveitarfélagi til framfæranda barna frá lokum fæðingarorlofs fram til leikskóla- eða grunnskólavistar.
4. Tækifærisgjafir að verðmæti sem hæfir tilefninu.
5. Tryggingabætur ákvarðaðar í einu lagi til greiðslu.
6. Húsaleigubætur.
7. Styrkir úr Endurhæfingarsjóði ASÍ og SA.
8. Barnabætur og vaxtabætur.
9. Bifreiðakaupastyrkir sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir elli- og örorkulífeyrisþegum.
10. Dvalar- og ferðastyrkir sem ætlaðir eru til jöfnunar á námskostnaði.
11. Samskotafé og styrkir vegna veikinda eða slysa, gangi þeir beint til þeirra sem safnað er fyrir.
12. Styrkir til foreldra frá Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum.
13. Styrkir úr húsafríðunarsjóði. Við ákvörðun á stofnverði eigna skal færa styrkinn til frádráttar.
14. Styrkir sem Sjúkratryggingar Íslands veita fötluðum til tækjakaupa.
15. Umönnunargreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna fjárhagslegrar aðstoðar til foreldra sem eiga börn sem glíma við fötlun eða alvarleg veikindi.

Skattskyld hlunnindi og styrkir eru almennt háð afdrætti skatts í staðgreiðslu. Undir staðgreiðsluskyldu falla þó ekki beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum sem ekki teljast til launa.

Í skattmatsreglum fyrir tekjuárið 2017 lýsir ríkisskattstjóri skattskyldu hlunninda með þessum orðum:

„Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum, svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra

en almennt gerist um tækifærisgjafir. Þau gæði og hlunnindi, sem ekki hafa verið í krónum talin, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Almenna reglan er að þau skulu metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma, nema við þau eigi sérstakt tekjumat.”

ÚY 173/2005² Kærandi fékk styrk frá Rannís árin 2002 og 2003. Árið 2002 var styrkurinn greiddur beint til Háskóla Íslands (en ekki kæranda) og samkvæmt samkomulagi þeirra á milli var litið svo á að kærandi væri starfsmaður HÍ með vinnuáðstöðu og fleira. Var litið svo á að greiðslan frá HÍ til kæranda væri launagreiðsla og var kröfu kæranda sem laut að frádrætti kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis síns, hafnað á grundvelli þess að umrædd gjöld stæðu ekki í tengslum við öflun rekstrartekna árið 2002.

2. Í skrifum þessum er vísað til úrskurða yfirséðanefndar með styttingunni ÚY.

01 Starfstengd hlunnindi og styrkir

Hlunnindi og styrkir sem launagreiðandi veitir launþega sínum eru almennt skattskyldir.

Í 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt (TSL) er fjallað um skattskyldar tekjur launþega. Hlunnindi og styrkir frá launagreiðanda falla þar undir. Í ákvæðinu segir að til skattskyldra tekna sem laun teljast m.a:

Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án til-lits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar [...] starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. [...]. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

Meginreglan er sú að öll starfstengd hlunnindi eru skattskyld sem laun nema þau séu sérstaklega undanþegin. Slíkar undanþágur er að finna í skattmati sem ríkisskattstjóri gefur út árlega, að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra á grundvelli 118. gr. TSL.

Í skattmati vegna tekna ársins 2017 segir um starfstengd hlunnindi:

Öll hlunnindi og fríðindi sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té til einkabarfá eru lögð að jöfnu við laun til viðkomandi og ber að telja til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, þ.e. til tekna skal telja fjárhæð sem nemur þeim kostnaði sem launþeginn hefði þurft að leggja út fyrir í þessu sambandi, nema um hlunnindi eða fríðindi þessi gildi sérstakt matsverð samkvæmt skattmati þessu. Hér er átt við hlunnindi og fríðindi tengd starfinu, sem starfsmaður nýtur án þess að greiða fyrir þau fullt verð, hvort sem um er að ræða að launþeginn fái eitthvað til eignar, afnota, láns eða neyslu.

Minniháttar fríðindi og hlunnindi sem menn njóta í vinnunni eru þó undanþegin tekjufærslu hjá starfsmanni en teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá launagreiðanda. Það á við um:

1. Almennar kaffiveitingar á starfsstað, afnot af heilsubótar-aðstöðu á starfsstað, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta og þátttöku í námskeiðum sem tengjast starfi beint.
2. Hlunnindi og fríðindi sem felast í árshátíð, starfsmannaverðum, jólagleði og sambærilegum samkomum og viðburðum, enda sé að jafnaði um að ræða viðburði sem standi öllum starfsmönnum launagreiðandans til boða og árlegur kostnaður af þeim nemi ekki hærri fjárhæð en 130.000 kr. á hvern starfsmann. Hlunnindi og fríðindi af umræddum toga umfram 130.000 kr. skulu teljast starfsmanni til tekna, hvernig sem fyrirkomulagi á greiðslum launagreiðanda er háttað.
3. Sömu reglur gilda um framlög launagreiðanda til starfsmannafélaga sem nýtt eru til greiðslu á sams konar kostnaði og að framan greinir.
4. Tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.
5. Skilyrði um tilefni og eðlilegan kostnað þarf að vera uppfyllt. Sem dæmi má nefna jólagjafir, afmælisgjafir vegna stórafmælis eða meiriháttar starfsafmælis. Sami mælikvarði er lagður til grundvallar óháð umfangi starfsemi eða stöðu gjafþega.

1.1 Virðisaukaskattur af hlunnindum

Heimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af keyptum aðföngum (rekstrarfjármunum, vöru, vinnu, þjónustu) sem eingöngu varða sölu á vörum eða virðisaukaskattskyldri þjónustu. Að sama skapi er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna innkaupa sem ekki varða virðisaukaskattskylda starfsemi.

Af almennu reglunni leiðir að óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum til einkaneyslu eiganda, starfsmanna eða viðskiptamanna, jafnvel þótt þau varði sölu á vörum og virðisaukaskattskyldri þjónustu. Óheimilt er að telja virðisaukaskatt af starfsmannatengdum kostnaði til frádráttarbærs innskatts.

1.1.1 Hvað má ekki telja til innskatts

Ekki er heimilt að telja virðisaukaskatt af eftirfarandi aðföngum til innskatts:

1. Kaffistofu eða mötuneyti og hvers konar fæðis kaup.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða og hópbifreiða. Sama á við um sendi- og vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd undir 5.000 kg. sem ekki uppfylla skilyrði um burðargetu og lengd farrýmis samkvæmt reglugerð um innskatt.

1.2 Staðgreiðsla

Halda ber eftir skatti í staðgreiðslu af öllum starfstengdum hlunnindum og greiðslum nema þau séu sérstaklega undanþegin.

Lögð er skylda á alla þá sem greiða laun eða hvers konar aðrar starfstengdar greiðslur, fríðindi eða hlunnindi að halda skatti eftir í staðgreiðslu og skila í ríkissjóð. Meginreglan er því að öll skattskyld starfstengd hlunnindi og greiðslur eru staðgreiðsluskyld.

Undantekningu frá þeirri skyldu er að finna í reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Alls eru það 19 atriði sem falla undir undantekningar frá staðgreiðslu. Hér á eftir er að finna nánari upplýsingar um þau atriði.

1.2.1 Undantekningar skv. 2. gr. reglugerðar nr. 591/1987

1. Ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.
2. Dagpeningar, ferðapeningar og hliðstæður ferða- og dvalarkostnaður sem greiddur er í samræmi við neðangreint:

- Heimilt er að halda utan staðgreiðslu greiðslum launagreiðanda á ferðakostnaði launamanns á vegum hans, þ.m.t. fargjöldum, sem greiddur er samkvæmt reikningi frá þriðja aðila.
 - Ennfremur er heimilt að halda utan staðgreiðslu dagpeningum og hliðstæðum endurgreiðslum á ferða- og dvalarkostnaði vegna launagreiðanda, enda sé fjárhæðin innan þeirra marka sem leyfist til frádráttar samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.
 - Framangreindar heimildir eru bundnar þeim skilyrðum að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.
3. Útfararstyrkir frá verkalýðsfélögum.
 4. Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té.
 5. Vinningar í happdrætti, veðmáli og keppni.
 6. Risnufé sem greitt er launamanni samkvæmt reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði launamanns í þágu launagreiðanda. Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt skal reikna staðgreiðslu af greiddu risnufé.
 7. Ýmsar launagreiðslur sem ekki tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi launagreiðanda. Sem dæmi um slíkar greiðslur í einkaþágu greiðanda má nefna greiðslur fyrir hús- og heimilishjálpi og svipuð persónubundin störf sem ekki fara fram úr 300.000 kr. samtals á ári. Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 600.000 kr. á ári.
 8. Endurgjald sem maður skal reikna sér við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemin er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna slíkrar starfsemi verði ekki hærri, miðað við heilt ár, en 450.000 kr.
 9. Reiknuð laun barna, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. TSL.
 10. Greiðslur höfundarlauna til Íslendinga búsettra hérlandis er fram fara samkvæmt lögum nr. 73/1972, (sbr. 5. gr. laga nr. 45/1987), sem fara ekki fram úr 600.000 kr. á ári.
 11. Greiðslur til fatlaðra vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

12. Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.
13. Verðlaun sem veitt eru í viðurkenningarskyni.
14. Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarféлага og annarra félagasamtaka til rannsókna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.
15. Launatekjur barna hjá sama launagreiðanda að hámarki 180.000 kr.
16. Styrkir sem veittir eru úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarféлага vegna alvarlegra veikinda.
17. Styrkir sem veittir eru úr minningarsjóðum sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðuneyti samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir.
18. Styrkir sem greiddir eru samkvæmt lögum nr. 152/2006, um ættleiðingarstyrki.
19. 25% launatekna þeirra erlendu sérfræðinga sem hlotið hafa staðfestingu nefndar á því að þeir uppfylli skilyrði 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðar breytingum, allt að þremur árum frá ráðningu í starfi.

1.3 Skattaleg meðferð einstakra tegunda hlunninda

1.3.1 Bifreiðahlunnindi

Umráð launþega yfir bifreið launagreiðanda skal telja honum til tekna sem hlunnindi. Sama gildir ef launagreiðandi hefur bifreið á leigu eða að láni. Umráð launþega yfir bifreið launagreiðanda skiptast annars vegar í full og ótakmörkuð umráð og hins vegar takmörkuð umráð. Ef launamaður greiðir fyrir afnot dragast greiðslur frá hlunnindamati.

Ekki skal telja til skattskyldra bifreiðahlunninda launþega umráð og notkun á bifreiðum sem eru með sérútbúnu öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði og sem jafnan er ekið af sérstökum bifreiðastjóra.

Full og ótakmörkuð umráð

Full og ótakmörkuð umráð yfir bifreið launagreiðanda skal ávallt telja til tekna sem hlunnindi.

Starfsmaður telst hafa full og ótakmörkuð umráð yfir bifreið launagreiðanda ef afnot hans eru meiri utan vinnutíma en að aka milli heimilis og vinnustaðar og einstaka tilfallandi afnot.

Hafi launþegi fleiri en eina bifreið til umráða ber að telja honum til tekna sem hlunnindi afnot hans af hverri bifreið fyrir sig.

Ekki skiptir máli hversu mikið launþegi nýtir sér bifreiðina. Hlunnindi sem fólgin eru í umráðaréttinum eru skattlögð. Við ákvörðun á fjárhæð fullra bifreiðahlunninda skal miða við verð bifreiðar og aldur. Jafnframt þarf að taka tillit til þess hvort bifreið er í eigu launagreiðanda eða hvort hann hefur hana t.d. á rekstrarleigu.

Bifreið í eigu launagreiðanda - keypt 2014 eða síðar

Ársumráð slíkrar bifreiðar skulu miðast við 28% af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá launagreiðandans eða þess sem innir hlunnindin af hendi. Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af kaupverði hennar.

Dæmi: Kaupverð bifreiðar á árinu 2016 var 10.000.000 kr. Þegar bifreiðahlunnindi fyrir tekjuárið 2017 eru reiknuð er heimilt að færa kaupverðið niður um 10%. Stofn til útreiknings verður því 9.000.000 kr. á tekjuárinu 2017 og tekjur af hlunnindum miðað við heilt ár verða 28% af þeirri fjárhæð eða 2.520.000 kr. sem svarar til 210.000 kr. á mánuði.

Bifreið í eigu launagreiðanda – keypt 2013 eða fyrr

Ársumráð slíkrar bifreiðar skulu miðast við 28% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá, RSK 6.03, fyrir það ár sem bifreiðin var tekin í notkun. Bifreiðaskrár er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is. Sé bifreiðin ekki í skránni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af verði hennar.

Dæmi: Bifreið var tekin í notkun á árinu 2012. Verð hennar samkvæmt bifreiðaskrá 2012 var 8.000.000 kr. Þegar bifreiðahlunnindi fyrir tekjuárið 2017 eru reiknuð er heimilt að færa verðið niður um 10% á ári frá og með árinu 2013 til og

með ársins 2017. Niðurfærslan reiknast alltaf af því verði sem útreikningur bifreiðahlunninda var byggður á árið áður. Í þessu dæmi verður niðurfærslan því um 41% af upphaflega útreikningsverðinu. Stofn til útreiknings verður þannig 4.723.920 kr. og tekjur af hlunnindum miðað við heilt ár verða 28% af þeirri fjárhæð eða 1.322.698 kr. sem svarar til 110.225 kr. á mánuði.

Bifreið sem er ekki í eigu launagreiðanda

Ársumráð slíkrar bifreiðar skulu miðast við 28% af verði bifreiðarinnar samkvæmt verðlista viðkomandi bifreiðaumboðs þegar launagreiðandi fær umráð yfir bifreiðinni, t.d. þann dag sem bifreið er tekin á leigu. Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir að launagreiðandi fær umráð yfir henni en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af verði hennar.

Dæmi: Bifreið var tekin á leigu á árinu 2014. Verð hennar samkvæmt verðlista bifreiðaumboðsins þegar gengið er frá leigusamningi var 10.000.0000 kr. Þegar bifreiðahlunnindi fyrir tekjuárið 2017 eru reiknuð er heimilt að færa verðið niður um 10% hvert árána 2015, 2016 og 2017 eða u.þ.b. 27% samtals. Stofn til útreiknings verður því 7.290.000 kr. tekjuárið 2017 og tekjur af hlunnindum miðað við heilt ár verða 28% af þeirri fjárhæð eða 2.041.200 kr. sem svarar til 170.100 kr. á mánuði.

Ef starfsmaður greiðir sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint að framan. Með rekstrarkostnaði í þessu sambandi er átt við eldsneytiskostnað, smurningu, þríf o.þ.h.

Hlunnindi fyrir hluta úr ári

Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

Bifreið í sameign starfsmanns og launagreiðanda.

Sé bifreið í sameign starfsmanns og launagreiðanda skal, í samræmi við framanritað, telja starfsmanni til hlunninda umráð þess hluta bifreiðarinnar sem er í eigu launagreiðanda.

Eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sam-
bærilegum störfum sem og stjórnarmenn félaga teljast jafnan
hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem
þeim eru látnar í té og þeir hafa til einkanota.

Frádráttarbærni rekstrarkostnaðar launagreiðanda takmarkast
við fjárhæð skattskyldu hlunnindanna.

Takmörkuð umráð

Takmörkuð umráð skal telja til tekna miðað við hvern ekinn
kílómetra.

Starfsmaður telst hafa takmörkuð umráð yfir bifreið launa-
greiðanda ef afnot hans utan vinnutíma eru eingöngu akstur
milli heimilis og vinnustaðar og einstök tilfallandi afnot.

Takmörkuð afnot eru metin starfsmanni til tekna sem 110 kr.
á hvern ekinn kílómetra á árinu 2017.

Gögn um takmörkuð afnot skulu vera aðgengileg skattfyrir-
völdum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá
starfsmanni.

Skattaðili ber sönnunarbyrðina fyrir því að um takmörkuð
afnot sé að ræða með framlagningu gagna því til stuðnings.
Ef skattaðili getur ekki sýnt fram á að afnot hans hafi verið
takmörkuð líta skattfyrirvöld svo á að hann hafi sjálfur haft
ákvörðunarvald um afnot sín og reikna honum full og ótak-
mörkuð afnot því til samræmis, sbr. m.a. ÚY 101/2006 og
351/2003.

1.3.2 Önnur vélknúin ökutæki

Telja skal umráð launþega yfir öðrum vélknúnum ökutækjum
í eigu launagreiðanda honum til tekna. Slík umráð teljast ætíð
full og ótakmörkuð. Við ákvörðun á fjárhæð hlunninda skal
miða við verð tækis og aldur. Jafnframt þarf að taka tillit til
þess hvort tækið er í eigu launagreiðanda eða hvort hann
hefur það t.d. á rekstrarleigu.

Ársumráð tækis í eigu launagreiðanda skulu miðast við 28%
af upphaflegu kaupverði í hendi eiganda. Heimilt er að færa
verð tækisins niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir
kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á
hlunnindum verði aldrei lægra en 50% af kaupverði þess.

Ársumráð tækist sem er ekki í eigu launagreiðanda skulu miðast við 28% af verði þess samkvæmt verðlista viðkomandi söluaðila þegar launagreiðandi fær umráð yfir tækinu, t.d. þann dag sem tækið er tekið á leigu. Heimilt er að færa verð tækisins niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir að launagreiðandi fær umráð yfir því en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á hlunnindum verði aldrei lægra en 50% af verði þess.

1.3.3 Hlunnindi af notkun einkaflugvéla

Meta skal notkun starfsmanns á vélknúnu flugtæki sem launagreiðandi hefur forráð yfir til tekna. Undir þetta falla vélar í eigu launagreiðanda, eða öðrum honum tengdum, vélar sem launagreiðandi hefur á leigu, ef ferð (notkunin) telst vera farin í einkapágu starfsmanns, fjölskyldu hans eða annarra aðila á hans vegum. Hlunnindin skulu metin miðað við 200.000 kr. á hvern byrjaðan flug tíma, nema ef um er að ræða litlar eins hreyfils flugvélar þá skal meta hlunnindin miðað við 20.000 kr. á hvern byrjaðan flug tíma.

1.3.4 Ökutækjastyrkur

Þegar launagreiðandi greiðir launþega fyrir afnot af bifreið í hans eigu ber að fylgja ákveðnum reglum svo heimilt sé að færa kostnað til frádráttar styrknum.

Frá ökutækjastyrk, sem launþega ber að færa til tekna, heimilast til frádráttar tiltekinn kostnaður á hvern ekinn kílómetra í págu launagreiðanda. Skilyrði frádráttarins er að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem hver ferð er skráð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennishúmer viðkomandi ökutækis.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í págu launagreiðanda og því hvort greitt hefur verið fyrir almennan akstur (almennt gjald), akstur á vegum þar sem ekki er bundið slitlag (sérstakt gjald) eða akstur utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum (torfærugjald). Frádráttur er ákvarðaður miðað við hver heildarakstur hefur verið í págu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á því akstursbili, en frádráttarbær fjárhæð miðast við heildarakstur og gefur ríkisskattstjóri út töflu með fjárhæðum á hvern ekinn kílómetra byggt á heildarakstri launþega fyrir launagreiðanda. Fjárhæð frádráttar verður þó aldrei lægri fjárhæð en orðið

hefði ef akstur hefði numið hámarksakstri samkvæmt uppgefnu akstursbili. Dæmi: Hafi akstur t.d. numið 1.010 km skal miða frádrátt við 108 kr. á hvern km, en þó aldrei lægri fjárhæð en 110.000 kr. (þ.e. 1.000 km margfaldað með 110 kr.). Að sama skapi ef akstur hefði verið 2.020 km, en þá skal miða frádrátt við 106 kr. sem gerir 214.120 kr. í þessu tilfelli, en lágmarksfjárhæð væri þó 216.000 kr. (2.000 km margfaldað með 108 kr.).

Frádráttur á hvern ekinn km		Frádráttur á hvern ekinn km	
0 – 1.000 km	110 kr.	8.001 – 9.000 km	84 kr.
1.001 – 2.000 km	108 kr.	9.001 – 10.000 km	82 kr.
2.001 – 3.000 km	106 kr.	10.001 – 11.000 km	78 kr.
3.001 – 4.000 km	93 kr.	11.001 – 12.000 km	76 kr.
4.001 – 5.000 km	91 kr.	12.001 – 13.000 km	74 kr.
5.001 – 6.000 km	89 kr.	13.001 – 14.000 km	72 kr.
6.001 – 7.000 km	87 kr.	14.001 – 15.000 km	70 kr.
7.001 – 8.000 km	86 kr.	fleiri en 15.001 km	65 kr.

Hafi maður fengið greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum þar sem ekki er bundið slitlag eða torfærugjald vegna aksturs á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 15% hærri í fyrrnefnda tilvikinu og 45% hærri í síðarnefnda tilvikinu vegna þess aksturs, þó aldrei hærri fjárhæð en greidd var fyrir hvern ekinn kílómetra.

Akstur launamanns á milli heimili hans og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur verið heimilt að færa frádrátt á móti greiðslum fyrir slík afnot ökutækis, enda séu þau afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

Heimilt er að halda greiddum ökutækjastyrk utan staðgreiðslu hafi hann verið greiddur samkvæmt sundurliðuðum gögnum.

1.3.5 Virðisaukaskattur af öflun, rekstri og leigu bifreiða

Einkanot og hlunnindamat

Ekki er heimilt að telja virðisaukaskatt af öflun, rekstri og leigu fólksbifreiða (fyrir níu menn eða færri) til innskatts. Er hér átt við bifreiðar á almennum skráningarnúmerum sem notaðar eru af eiganda eða starfsmönnum til einkanota utan virðisaukaskattskyldrar starfsemi.

Eins og fram hefur komið ber að telja eiganda eða starfsmanni slík einkanot til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra.

Undantekningar

Bílaleigum og öðrum fyrirtækjum sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða er hins vegar heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af öflun og rekstri bifreiða sem þau hafa til útleigu.

Eignaleigufyrirtækjum er einnig heimilt að nýta innskatt þegar bifreiða er aflað vegna sölu eða leigu, þ.m.t. rekstrarleigu.

1.3.6 Bifreiðar sem notaðar eru í virðisaukaskattskyldum rekstri (VSK-bifreiðar)

Öflun ökutækis

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu þar til greindra ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu á virðisaukaskattskyldri vöru og þjónustu. Þessi ökutæki eru á sérstökum skráningarnúmerum (rauðir stafir á hvítum grunni).

Meginreglan er því sú að annað hvort er fullur innskattsréttur af kaupum þessara ökutækja eða enginn.

Undantekning vegna einkanota og hlunnindamat

Einkanot eiganda og starfsmanna á VSK-bifreið og önnur notkun í þágu starfsemi sem fellur utan skattskyldu virðisaukaskatts þ.m.t. akstur milli heimilis og starfsstöðvar veldur því að óheimilt er að innskatta virðisaukaskatt af öflun ökutækisins.

Ein undantekning er gerð frá þessari meginreglu, en þá þarf öllum eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

1. Afnotaréttur eiganda eða starfsmanns er talin til virðisaukaskattsskyldrar veltu á sama skattverði og hlunnindamat ríkisskattstjóra kveður á um vegna takmarkaðra afnota (sjá kafla 1.3.1).
2. Ríkisskattstjóra er tilkynnt um einkanotin eða breytingar á notkun bifreiðarinnar á eyðublaði RSK 10.60.
3. Afnotaréttur eiganda eða starfsmanns eru talin honum til tekna sem takmörkuð bifreiðahlunnindi.

Rekstrarkostnaður ökutækis

Heimilt er að telja virðisaukaskatt til innskatts að fullu ef ökutæki er eingöngu notað í virðisaukaskattskyldri starfsemi. Þegar bifreið er að hluta til notuð við virðisaukaskattskylda starfsemi er heimilt að telja virðisaukaskatt til innskatts í sama hlutfalli og notkunin varðar hina skattskyldu starfsemi. (t.d. 50% einkanot og 50% skattskyld not).

1.3.7 Íþróttastyrkur

Greiðslum sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun og aðra heilsurækt frá launagreiðanda eða eftir atvikum stéttarfélagi, teljast ekki til tekna hjá starfsmanni að því marki sem slíkar greiðslur fara ekki yfir 55.000 kr. á ári.

Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á viðkomandi kostnaði. Með kostnaði við íþróttaiðkun er átt við greiðslu fyrir aðgang að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasölum og félagsgjöldum í golfklúbba sem og þátttökugjald vegna annarrar reglubundinnar hreyfingar. Einnig fellur hér undir kostnaður við aðra heilsurækt eins og t.d. jóga og annar sambærilegur kostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna endurhæfingar.

1.3.8 Lán

Veiti launagreiðandi starfsmanni sínum lán, eða hafi milli-göngu um lánveitingu, gegn vöxtum sem eru lægri en vextir af sambærilegum lánum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands, skal telja mismuninn til skattskyldra launa starfsmannsins.

1.3.9 Fatnaður

Fái starfsmaður fatnað frá vinnuveitanda skal telja hann til tekna á kostnaðarverði.

Þetta á þó ekki við um einkennisfatnað sem starfsmönnum er ætlað að nota við störf sín eða annan þann fatnað sem auðkenndur er eða merktur launagreiðanda og einkum nýttur vegna starfa í þágu hans.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir starfsmanni til afnota, þ.m.t. sá öryggis- og hlífðarfatnaður sem

launagreiðendum er skylt samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum að afhenda launþegum án endurgjalds. Læknasloppur fellur t.d. þar undir en ekki klossar.

Virðisaukaskattur af fatnaði

Heimilt er að telja virðisaukaskatt af kaupum á vinnufatnaði s.s. öryggis- og hlífðarfatnaði til innskatts að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin eru að fatnaðurinn sé eign vinnuveitanda og auðkenndur honum og eingöngu nýttur í þágu rekstrar hans. Ekki er heimilt að nýta innskattinn ef starfsmaðurinn hefur heimild til að nýta fatnaðinn í eigin þágu.

1.3.10 Ferðir milli heimilis og vinnustaðar

Ekki telst til skattskyldra hlunninda flutningur starfsmanns milli heimilis og vinnustaðar með hópferðabifreið rekinni af vinnuveitanda.

Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu launagreiðanda á kostnaði launþega vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda, ef nýttar eru almenningssamgöngur eða vistvænn samgöngumáti að hámarki samtals 90.000 kr. miðað við starf allt árið eða 7.500 kr. á mánuði og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Undirritaður sé formlegur samningur milli launagreiðanda og launþega um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum ferðamáta vegna ferða launþegans til og frá vinnu sinnar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda.
- Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en með vélknúnum ökutækjum samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga, t.d. reiðhjól eða ganga.

Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt er alltaf um að ræða skattskyld hlunnindi án frádráttar ef greiðsla er vegna ferða launþega til og frá vinnu.

1.3.11 Líf- og sjúkdómatryggingar

Líf- og sjúkdómatryggingar sem launagreiðandi greiðir fyrir starfsmenn sína án endurgjalds skal metið starfsmanninum til tekna sem hlunnindi þar sem um er að ræða persónulegan kostnað.

ÚY 114/2006 fjallar meðal annars um að greiðsla líftryggingar sem félag greiddi fyrir starfsmann var úrskurðað sem skattskyld hlunnindi þar sem um persónulegan kostnað var að ræða.

ÚY 299/2005 fjallar meðal annars um að iðgjöld vegna líf- og sjúkdómatryggingar sem félag greiddi fyrir forstjóra teldust vera persónulegur kostnaður hans. Í skatt- og úrskurðafarmkvæmd hefur verið lagt til grundvallar að útgjöld launagreiðenda vegna kaupa á slíkum tryggingum fyrir starfsmenn teljist ekki til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, enda sé ekki um að ræða kostnað sem leiðir af almennum kjarasamningum.

1.3.12 Fæði

Fæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni og/eða fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

- Morgunverður kr. 332.
- Hádegisverður eða kvöldverður kr. 498.
- Fullt fæði á dag kr. 1.327.

Ef um er að ræða börn yngri en 12 ára er heimilt að lækka framangreindar fjárhæðir um fjórðung.

Ekki skal telja starfsmanni til tekna almennar kaffiveitingar starfsmanna á starfsstað.

1.3.13 Virðisaukaskattur af kaffistofu eða mötuneyti

Án endurgjalds

Óheimilt er telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða kaffistofu, mötuneyti og hvers konar fæðis kaup sem afhent eru starfsmanni án endurgjalds. Eins og fram kemur í kafla 1.3.12 telst slík endurgjaldslaus afhending fæðis til skattskyldra hlunninda starfsmanns í samræmi við skattmatsreglur ríkisskattstjóra ríkisskattstjóra nema um sé að ræða almennar kaffiveitingar starfsmanna á starfsstað.

Gegn endurgjaldi

Rekstur mötuneytis telst til virðisaukaskattskyldrar starfsemi þegar fæði er selt starfsmönnum í hagnaðarskyni og tekjur eru hærri en gjöld af rekstri mötuneytis. Af þeim sökum ber mötuneytum sem selja tilreiddan mat að innheimta 11% virðisaukaskatt af söluverði. Þó getur verið að eigi beri að skrá aðila á virðisaukaskattskrá ef samanlagðar tekjur af sölnni

eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng til starfseminnar sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Í þeim tilvikum þegar tekjurnar eru lægri en kostnaðurinn þarf aðillinn ekki að skrá sig á virðisaukaskattskrá og þarf því ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölnni. Slík sala án virðisaukaskatts leiðir þó ekki til þess að litið verði á sölu viðkomandi aðila sem blandaða enda tilheyrir sala mötuneytisins ekki viðkomandi atvinnustarfssemi sem aðillinn stundar.

Sala fæðis í mötuneyti með virðisaukaskatti veitir heimild til að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum vegna mötuneytis þ.m.t. hráefniskaup.

Hlunnindamat

Ef fæði er selt gegn fullu endurgjaldi skv. hlunnindamati, telst slíkt ekki til skattskyldra tekna hjá starfsmanni. Ef hluti fæðisgjalds er látið starfsmanni í té án endurgjalds skal það talið honum til tekna samkvæmt skattmatsreglum.

1.3.14 Virðisaukaskattur af risnu og gjöfum

Óheimilt er telja til innskatts virðisaukaskatt sem varðar risnu eða gjafir. Virðisaukaskattur af innkaupum verðlílts smávarnings sem ætlaður er öllum viðskiptavinum til nota í auglýsingaskyni (lyklakippur, pennar o.þ.h.) er þó frádráttarbær.

Risna er skilgreind sem sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskiptasambanda eða halda þeim við svo sem veiðiferðir, veitingakostnaður og varningur úr gjafavörverslunum.

Undir þennan lið falla einnig jóla-, afmælis- og aðrar tækifærisgjafir til eiganda, starfsmanna og viðskiptamanna.

1.3.15 Íbúðarhúsnæði

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té til umráða skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr og önnur sérstaklega metin mannvirki á lóð íbúðarhúsnæðis) og lóðar, margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er samanber eftirfarandi:

- **1,00:** Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kópavogsbær, Garðabær og Hafnarfjarðarkaupstaður.

- **0,80:** Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar, Akranes, Akureyri, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.
- **0,70:** Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslauslausa orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er ríkisskattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram sex telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

1.3.16 Orlofshúsnæði

Endurgjaldslaus afnot starfsmanns af orlofshúsnæði frá launagreiðanda skulu talin til tekna með 3.000 kr. fyrir hvern dag, sem starfsmaður eða fjölskyldumeðlimir hans hafa húsnæðið til afnota, umfram 10 daga á ári. Afnot í allt að 10 daga á ári teljast ekki til tekna.

Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar, þ.m.t. íbúðir í þéttbýli, sem og hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og aðrir tengivagnar.

Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við leigu á orlofshúsnæði eða með öðrum hætti til greiðslu á orlofsdvöl, að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 50.000 kr. á ári.

Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda reikninga fyrir greiðslu á kostnaði vegna orlofsdvalar þessarar.

1.3.17 Virðisaukaskattur af öflun eða rekstri íbúðarhúsnæðis, orlofsheimila, barnaheimila o.þ.h.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða öflun eða rekstur slíks húsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn, jafnvel þótt það sé einnig notað jöfnun höndum til íbúðar og atvinnu.

1.4 Námskeið og námstyrkir

Kostnaður við námskeið sem launþegi sækir á kostnað og í þágu vinnuveitanda er frádráttabær rekstrarkostnaður vinnuveitandans. Skilyrði er að kostnaðurinn tengist beint tekjuöflun í rekstri hans. Sýna þarf fram á þörf námskeiðs til að viðhalda tekjuöfluninni. Lotun tekna og gjalda er meginregla í skattskilum atvinnurekstrar og því getur verið rétt að eignfæra kostnað á því ári sem hann fellur til, en gjaldfæra á þeim árum sem hann nýtist til tekjuöflunar.

Auk námsskeiðskostnaðar má draga ráðstefnukostnað vinnuveitanda frá tekjum. Ávallt þarf að gæta að því, hér sem annars staðar, að kostnaður sé tilhlýðilegur miðað við tilefni. Til kostnaðar í þessu sambandi má telja fargjöld, þátttökugjöld og uppihaldskostnað meðan á ferð stendur og er uppihaldskostnaður háður sömu takmörkunum og gilda um dagpeninga.

Kostnaður vinnuveitanda af námi starfsmanns sem veitir starfsmanninum rétt til að stunda tiltekinn atvinnurekstur og sjálfstæða starfsemi telst ekki til rekstrarkostnaðar heldur einkauktgjalda. Gjaldfærslu kostnaðar við meistaranám hefur af skattfyrirvöldum verið synjað á þeirri forsendu. Kostnaður vegna náms í hinu almenna skólakerfi telst almennt vera einkakostnaður og því ekki frádráttarbær, nema hann sé talinn hlutaðeigandi aðila til launa.

Hvort greiðslu vinnuveitanda fyrir nám launþega beri að telja til skattskyldra hlunninda ræðst einkum af framangreindum reglum. Ef starfsmaður fer í nám eða á námskeið að beiðni vinnuveitanda og námið er tengt starfi hans og til þess fallið að viðhalda eða auka tekjuöflun vinnuveitanda (strax eða í fyrirsjáanlegri framtíð) telst kostnaður vinnuveitandans ekki til skattskyldra launa starfsmannsins.

Virðisaukaskattur af námskeiðskostnaði

Uppfylli námskeið skilyrði um gjaldfærslu hjá vinnuveitanda er fyrir hendi heimild til frádráttar á virðisaukaskatti ef námskeiðið ber virðisaukaskatt.

Að sama skapi er heimilt að nýta virðisaukaskatt af gistingu starfsmanns í tengslum við námskeiðið en ekki er heimilt að draga frá virðisaukaskatt sem fellur til vegna annars kostnaðar s.s. veitinga eða afþreyingar.

1.4.1 Skattframkvæmd

Í skattframkvæmd er mikil áhersla lögð á að sýnt sé fram á nauðsyn náms til að viðhalda tekjuöflun rekstraraðila.

Meginreglan segir að ef um stutt samantjappað tungumálanámskeið er að ræða, sem er aðeins til upprifjunar fyrir starfsmann sem kann tungumálið, þá megi gjaldfæra en það sé ekki heimilt ef um er að ræða nokkurra mánaða tungumálanám erlendis.

Mjög skýrt kemur fram í úrskurðum YSKN að kostnaður vegna náms sem veitir manni rétt til að stunda tiltekinn atvinnurekstur eða veita tiltekna þjónustu eða önnur álíka réttindi, eru talin vera einkaútgjöld námsmanns.

1.4.2 Frádráttur vinnuveitanda

Styrkir vegna starfsþjálfunar, námskeiða og styttra náms starfsmanns eru gjaldfæranlegir sem rekstrarkostnaður ef um er að ræða „öflun þekkingar“ sem tengist störfum launþega hjá fyrirtæki með beinum hætti.

Að sama skapi, er vinnuveitanda ekki heimilt að gjaldfæra kostnað vegna menntunar sem er hluti af hinu almenna skólakerfi eða ef námið veitir tiltekin starfsréttindi. Gjaldfærsla getur þó verið heimil í undantekningartilvikum ef starfsréttindi tengjast með beinum hætti tekjuöflun fyrirtækis, sbr. ÚY 124/2002.

ÚY 124/2002. Sálfræðingur lærði fjölskyldumeðferð í Noregi. Um var að ræða þriggja ára starfstengda endur- og þróunar-menntun á hærri stigi. Deilt var um kostnað við ferðir til Noregs. Frádráttabærni útgjalda var samþykkt og leit YSKN til tilgangsins með náminu, sem var upprifjun og trygging á samkeppnishæfni, sérstaklega vegna breytinga í starfi og þess að stutt námskeið kæmu ekki aðeins til álita í þessu sambandi.

Gjaldfærslan byggir á mati fyrirtækisins. Endanlegt mat er þó í höndum skattyfirvalda við álagningu opinberra gjalda sem er kærnanlegt til YSKN eða dómstóla.

ÚY 39/1998. Kærandi hafði stundað nám í Danmörku og dró frá námsstyrk, bókakaup, skólagjöld og flutningskostnað (flutningur búslóðar og yfirvigt). YSKN taldi kæranda heimilt að draga flutningsgjöld frá fengnum námstyrk (sem skattstjóri hafði hafnað) enda hluti þeirra námsgögn.

Launagreiðandi getur almennt gjaldfært hlunnindi starfsmanns sem rekstrarkostnað ef hann hefur gætt þess að gefa þau upp á launamiða eins og hver önnur laun. Ekki er heimilt að draga frá hærri fjárhæð en sem nemur kostnaðarverði hlunnindanna.

Skilyrði fyrir frádrætti kostnaðar vegna neðangreindra atriða er að hann komi fram á launamiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

- Launakostnaður til öflunar tekna í atvinnurekstri telst til rekstrarkostnaðar og skiptir ekki máli hvort greitt er með reiðufé, hlunnindum eða með öðrum hætti.
- Séu laun greidd í hlunnindum, s.s. með fatnaði, síma, húsnæði eða fæði, má ekki draga frá hærri upphæð en sem nemur kostnaðarverði.
- Gjafir til starfsmanna sem gefnar eru sem kaupauki, þ.e. endurgjald fyrir vinnu eða starf.
- Löggjöld launagreiðanda til lífeyrissjóðs telst til rekstrar-kostnaðar. Sama gildir um almenn launatengd gjöld vegna starfsmanna samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Ef vinnuveitandi fullnægir ekki skyldu sinni til að láta ríkisskattstjóra í té upplýsingar um launagreiðslur er ríkisskattstjóra heimilt að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda.

ÚY 156/2003. Kærandi, sem var löggiltur ökukennari, vildi gjaldfæra kostnað við skyndihjálpanámskeið í rekstrarreikningi vegna ökukennslu. YSKN heimilaði slíka gjaldfærslu enda var talið að umrætt námskeið varðaði viðhald á starfsréttindum kæranda sem ökukennara.

Kostnaður vegna viðhalds starfsréttinda er frádráttarbær, en kostnaður við viðbótarnám eða nám til öflunar starfsréttinda er ekki frádráttarbær, nema þegar náminu er ætlað að tryggja tekjur eða afla nýrra tekna með beinum hætti.

ÚY 317/2000. Kærandi sem var eigandi lögmannstofu, fór í framhaldsnám til Bandaríkjanna. Um var að ræða 12-14 mánaða nám og 4-6 mánaða starfsþjálfun. Lögmannstofa kæranda var aðili að alþjóðlegum samtökum lögmanna og aðildin krafðist að starfsmenn væru vel menntaðir og færir um að takast á við þau verkefni sem leiða að samtökunum. Félagið leit til þess að í framtíðinni myndu tekjur aukast. YSKN komast að þeirri niðurstöðu að útgjöld vegna viðbótarnáms eða náms til öflunar starfsréttinda séu ekki

frádráttarbær. Námið eins og lýst var í kærinni, nýttist umræddum starfsmanni fyrst og fremst og var því um einka-útgjöld námsmanns að ræða og því ekki frádráttarbær.

ÚY 60/1998. Kærandi, sem gerði út bát, færði til gjalda í árs-reikningi sínum kostnað vegna námskeiðs fyrir 30 rúmlesta skipstjórnarnám. YSKN synjað gjaldfærslu kostnaðarins, þrátt fyrir að kærandi teldi að um endurmenntun til skipstjórnar væri að ræða og því einungis til frekari tekjuöflunar. YSKN tók fram að um öflun kæranda sjálfs á tilteknum réttindum væri að ræða, sem teldist persónulegur kostnaður og því ekki frádráttarbær.

ÚY 258/2005. Kærandi var sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari sem vildi gjaldfæra kostnað vegna náms á sviði höfuðbeina- og spjaldhryggjameðferðar. YSKN hafnaði þeirri kröfu þar sem talið var að um viðbótarnám væri að ræða sem nýttist fyrst og fremst kæranda sjálfum (persónuleg útgjöld til öflunar sérhæfðrar menntunar).

ÚY 852/1997. Kærandi var sjálfstætt starfandi við útleigu fasteigna. Hann sótti enskunámskeið ásamt eiginkonu sinni. Bar hann því við að enska væri helsta tungumálið í alþjóða-viðskiptum og hann yrði betur í stakk búinn að stofna til kynna við erlenda aðila sem og flestir leiðbeiningarbaklingar um vörur, m.a. viðhaldsefni væru á ensku. Frádráttarbærni útgjalda var synjað enda um persónulegan kostnað að ræða.

Virðisaukaskattur af hlunnindum

Launagreiðanda er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða hlunnindi til eiganda og starfsmanna, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 16. gr. VSKL³. (sjá nánar í kafla 1.4.6).

1.4.3 Frádráttur launþega vegna námsstyrks

Starfsmaður getur ekki dregið kostnað frá styrkgreiðslu ef um persónulegan kostnað vegna lengra náms starfsmanns er að ræða, eða náms sem veitir starfsréttindi.

Styrkir frá fyrirtækjum eða stéttarfélögum til vísinda- eða rannsóknarverkefna eru skattskyldir hjá móttakanda. Heimilt er að gjaldfæra beinan kostnað á móti slíkum styrkjum.

Frádráttur kostnaðar leyfist eingöngu á móti sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en þeim tekjum.

3. Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Frádráttaréttur starfsmanns á greiðslu vegna starfsþjálfunar, námskeiðs eða styttra náms er sambærilegur við frádráttarétt fyrirtækis.

Frádráttur starfsmanns af hlunnindum

Starfsmanni er ekki heimilt að draga kostnað frá skattskyldum hlunnindum/tekjum sem honum eru látin í té.

Frádráttur starfsmanns frá styrkjum vinnuveitanda

Starfsmaður getur í ákveðnum tilvikum gjaldfært kostnað á móti styrk sem hann hefur fengið frá vinnuveitanda. Það á þó ekki við um styrki sem nýtast starfsmanni til persónulegra nota (t.d. styrkur til gleraugnakaupa).

Frekari skilyrði um frádrátt frá styrkjum frá öðrum en vinnuveitanda er að finna undir kafla 2. Ef styrkur frá vinnuveitanda fellur þar undir er hann frádráttarbær í höndum starfsmannsins, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

1.4.4 Tryggingargjald

Gjaldfæranlegur styrkur

Gjaldfæranlegir styrkir falla utan tryggingargjaldsstofns, þar sem um er að ræða rekstrarkostnað fyrirtækis sem ætlað er að afla tekna, tryggja þær og/eða halda þeim við. Greiða þarf staðgreiðslu af slíkum styrk nema hann falli undir undanþágu-ákvæði reglugerðar nr. 591/1987.

Ekki er um að ræða laun eða þóknun fyrir starf og því þarf ekki að greiða tryggingargjald vegna styrksins.

Sem dæmi um slíkt má nefna styrki sem veittir eru vegna námskeiða sem starfsmaður fer á að beiðni vinnuveitanda, og styrkir til rannsóknarstarfa.

Hlunnindi og styrkir sem teljast til persónulegs kostnaðar

Hlunnindi teljast vera launagreiðsla og því þarf greiðandi að halda eftir staðgreiðslu skatta, greiða tryggingargjald og senda út launamiða til starfsmanns.

Af styrk sem telst til persónulegs kostnaðar þarf að greiða staðgreiðslu. Heimilt er að halda styrkgreiðslu utan staðgreiðslu þegar styrkur er sérstaklega undanþeginn skv. reglugerð nr. 591/1987 (sem á ekki við um styrki til persónulegra nota).

Styrkur sem telst til persónulegs kostnaðar launþega er aldrei frádráttabær, hvorki hjá launagreiðanda né launþega.

Ríkisskattstjóra er heimilt að synja félagi um frádrátt vegna hlunninda ef félagið hefur ekki afhent upplýsingar um þau þ.e. ekki sent inn launamiða.

1.4.5 Lífeyrissjóður

Gjaldfæranlegur styrkur

Gjaldfæranlegir styrkir falla utan iðgjaldsstofns þar sem um er að ræða rekstrarkostnað fyrirtækis sem ætlað er að afla tekna, tryggja þær og/eða halda þeim við.

Ekki er um að ræða laun eða þóknun fyrir starf og því þarf ekki að greiða iðgjald í lífeyrissjóð vegna styrksins.

Hlunnindi og styrkir sem teljast til persónulegs kostnaðar

Styrkur til greiðslu persónulegs kostnaðar myndar stofn til iðgjalds í lífeyrissjóð. Meðal þess sem myndar stofn til iðgjalds eru allar tegundir launa eða þóknana, sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL, óháð formi launagreiðslu.

Hins vegar mynda hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaður, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga ekki stofn til iðgjalds.

1.4.6 Virðisaukaskattur af hlunnindum til eiganda eða starfsmanna

Óheimilt er telja til innskatts virðisaukaskatt sem varðar hlunnindi til eiganda eða starfsmanna. Er hér átt við öll gæði, hlunnindi og greiðslur sem mönnum hlotnast til neyslu eða eignaaukningar í tengslum við starf sitt og eru skattskyldar skv. 7. gr. TSL, svo sem fatahlunnindi, ökutækjastyrkur, námskostnaður starfsmanna o.þ.h.

02 Styrkir frá öðrum en vinnuveitanda

Styrkur sem skattaðili fær greiddan frá öðrum en vinnuveitanda sínum telst til skattskyldra tekna. Sem dæmi má nefna að stéttarfélag greiðir fyrir íþróttaiðkun eða tölvunámskeið. Í flestum tilfellum eru styrkir veittir til ákveðinna verka og greiddir eftir á gegn greiðslukvittun.

2.1 Staðgreiðsla

Styrkir eru almennt staðgreiðsluskyldir hjá þeim sem innir þá af hendi án nokkurs frádráttar sem skattaðili kann að eiga rétt á. Frádráttur kemur aðeins til greina við almenna álagningu.

Undanþágur frá framangreindu er að finna í reglugerð nr. 591/1987. Má þar nefna:

- Útfararstyrkir frá verkalýðsfélögum.
- Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.
- Styrkir vegna starfsmenntunar og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaga og annarra félagasamtaka til rannsókna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.
- Styrkir sem veittir eru úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga vegna alvarlegra veikinda.
- Styrkir veittir úr minningarsjóðum sem starfa skv. lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá.
- Styrkir veittir skv. lögum 152/2006, um ættleiðingarstyrki.

2.2 Frádráttur

Móttakandi styrks á rétt á frádrætti frá styrknum á grundvelli 2. mgr. 30. gr. TSL en þar segir:

„Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæði um vexti af skuldum afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjáræð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.“ Í þessu felst:

1. „beinan kostnað við öflun“. (Skýrt samband útgjalda við styrk).
2. „ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. ... gilda“. (Ekki persónuleg útgjöld).
3. „fyrningu eigna“ (Ekki útgjöld vegna öflunar eigna).

1) „beinn kostnaður við öflun“

Skýrt afmarkað samband útgjalda við styrk.

ÚY nr. 126/1998. Skattaðili hafði fengið greidda sjúkradagpeninga frá tryggingafélagi. Fór hann fram á að iðgjöldin yrðu dregin frá tekjunum. Yfirkattaneftnd taldi að kostnaðurinn yrði að tengjast því tjóni sem um var að ræða. Ekki heimilt.

ÚY nr. 39/1998. Fargjöld, þ.á.m. ferð heim í jólafrí, yfirvigt farangurs í flugi, flutningur búslóðar, þ.e. nauðsynlega persónulega muni og námsgögn, þátttökugjald og bókakostnaður talinn frádráttarbær frá námsstyrk.

ÚY nr. 495/1992. Frádráttur kostnaðar heimilaður á móti dreifbýlisstyrk frá menntamálaráðuneytinu til að sækja réttindanám til Reykjavíkur.

ÚY nr. 314/2007. Frádráttur kostnaðar (skólagjöld o.fl.) heimilaður á móti styrk frá Rannís annars vegar og vísindasjóði félags íslenskra náttúrufræðinga hins vegar vegna framhaldsnáms skattaðila (doktorsnám) við breskan háskóla.

2) „ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. ... gilda“

Má ekki teljast til persónulegra útgjalda.

ÚY nr. 237/2005. Kostnaður á móti styrk til gleraugnakaupa og krabbameinsskoðunar var talinn persónulegur kostnaður. Frádráttur því ekki heimilaður.

ÚY nr. 181/2004. Styrkur frá stéttarfélagi vegna augnaðgerðar. Útgjöldin voru talin persónulegur kostnaður og var frádrætti hafnað.

ÚY nr. 803/1997. Útgjöld vegna tannviðgerða voru talin persónuleg útgjöld sem ekki væru heimiluð á móti sjúkrastyrk verkalýðsfélags.

3) „fyrningu eigna“

Ekki útgjöld vegna öflunar eigna.

Ákvæðið á ekki við um „fyrningu eigna“. Af því leiðir að óheimilt er að færa afskriftir eigna til frádráttar sem útgjöld vegna öflunar eigna. Í ÚY 92/1997, 52/1998 og 456/2000 var talið óheimilt að færa kostnað á móti styrk vegna kaupa á tölvu. Lítið var svo á að ákvæði 39. gr. tsl. (heimild til gjaldfærslu eigna undir kr. 250 þús. að fullu) sé sérstök tegund fyrningar.

2.3 Skattaleg meðferð einstakra tegunda styrkja

2.3.1 Menntun

Vissir styrkir til starfsmenntunar eru undanþegnir staðgreiðslu sbr. 14. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 591/1987, en þar segir: „Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarféлага og annarra félagasamtaka til rannsókna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.“

2.3.2 Styrkir til vísindastarfa

Undanþegnir staðgreiðslu eru styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.

2.3.3 Heilsutengdir styrkir

Íþróttastyrkur að 55.000 kr. er undanþeginn staðgreiðslu samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra.

2.3.3.1 Gleraugnakaup

Styrkur til gleraugnakaupa talinn vera persónulegur kostnaður, sbr. ÚY 237/2005, þar sem var synjað um frádrátt vegna kostnaðar.

2.3.3.2 Laseraugnaðgerð

Styrkir frá stéttarfélagi vegna augnaðgerða. Útgjöldin eru talin vera persónulegur kostnaður og frádrætti hafnað.

2.3.3.3 Heyrnartæki

Kaup á heyrnartækjum talinn vera persónulegur kostnaður sem ekki fæst dreginn frá veittum styrk til kaupa á þeim, sbr. ÚY 353/2013.

2.3.3.4 Annað

Meginreglan er að ef um persónulegan kostnað er að ræða (þ.e. nýttist starfsmanni utan vinnu) þá má ekki gjaldfæra kostnaðinn, sbr. umfjöllun að framan og punkta hér að neðan.

- Krabbameinsskoðun – persónulegur kostnaður sbr. ÚY 237/2005.
- Tannviðgerðir – persónulegur kostnaður, sbr. ÚY 803/1997.
- Sjúkrabjálfun
- Sálfræðikostnaður
- Lyfjakostnaður
- Meðferð á heilbrigðisstofnun

2.3.4 Sérstaklega undanþegnir styrkir

Styrkir frá Endurhæfingarsjóði Alþýðusambands Íslands og Samtökum atvinnulífsins sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila eru undanþegnir skattskyldu.

Þetta ákvæði kom inn í tekjuskattslögin árið 2008 sem var í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um skattfrelsi ákveðinna styrkja. Samkvæmt ákvæðinu á fjármálaráðherra að setja reglugerð um þetta efni en hún hefur ekki verið birt.

2.3.5 Beinar fjárgreiðslur

Varasjóður VR

VR hefur frá árinu 2006 starfsrækt svokallaðan varasjóð. Félagsmenn VR geta nýtt varasjóð sinn vegna:

- Námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu (á einnig við um námsgögn barna félagsmannsins að 18 ára aldri).
- Framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum.

- Starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð.
- Heilsubrests.
- Kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum.
- Kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði-, læknis- og tannlæknisþjónustu.
- Kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum.
- Kaupa á orlofstengdri þjónustu.
- Tómtunda barna að 18 ára aldri.

Í slíkum tilvikum er um að ræða beina greiðslu til félagsmanna án tillits til notkunar. Greiðslur úr varasjóði VR eru staðgreiðsluskyldar og er staðgreiðsla dregin af við úttekt. Hægt er að velja skattþrep á umsókn. Greiðsla að hámarki kr. 55.000 á ári sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun er þó undanþegin staðgreiðsluskyldu.

Reykjavík
Borgartúni 27

Akranes
Kirkjubraut 28

Akureyri
Glerárgötu 24

Borgarnes
Bjarnarbraut 8

Egilsstaðir
Fagradalsbraut 11

Hafnarfjörður
Reykjavíkurvegi 66

Hella
Þrúðvangi 18

Höfn í Hornafirði
Litlabrú 1

Reyðarfjörður
Austurvegi 20

Reykjanesbær
Krossmóa 4

Sauðárkrókur
Borgarmýri 1a

Selfoss
Austurvegi 4

Skagatrönd
Oddagötu 22

Stykkishólmur
Aðalgata 5

Vestmannaeyjar
Kirkjuvegi 23

Sími 545 6000

kpmg.is



Í bæklingi þessum koma fram almennar upplýsingar. Í honum er ekki lýst aðstæðum tiltekinna fyrirtækja eða einstaklinga. Enginn ætti að grípa til aðgerða á grundvelli þessara upplýsinga nema tengja þær aðstæðum sínum eða leita faglegrar aðstoðar um það tilvik sem um ræðir.

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Nafn og kennimark KPMG eru vörumerki KPMG International Cooperative. Allur réttur áskilinn.